

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1641
komudagur 3.3.2008

SUNN Samtök um
náttúruvernd
á Norðurlandi

Akureyri, 27. febrúar 2008


SUNN
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi

Umboðn:
59. mál, þingsályktunartillaga
Friðlýsing Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði

Stjórnarfundur SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, haldinn 27. febrúar 2008, styður tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði, 59. mál, sem lagt er fram á 135. löggjafarþingi 2007–2008.

Austari- og Vestari-Jökulsá í Skagafirði renna frá Hofsjökli. Þær hafa markað sér sérstöðu, sem eitt besta svæði til fljótasiglinga í Evrópu og þar hefur byggst upp umtalsverð atvinnustarfsemi þar sem afl jökulánna og umhverfi er nýtt með sjálfbærum hætti. Stjórn SUNN telur eðlilegt að friða svæðið og stjórna því á þann hátt að landslag, náttúrufar og menningarminjar séu varðveitt, ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðapjónustu og hefðbundinna landbúnaðarnytja.

f.h. SUNN



Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
formaður
Drekagili 5
603 Akureyri
ingo@unak.is